

Nr. 035 / 09 Kristbjörg HF 177***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 239
Smíðaður: Flosö Noregi 1964 stál
Stærð: 196,1 brl. 290 bt.
Mesta lengd: 34,09 m Skráð lengd: 30,1 m
Breidd: 7,2 m Dýpt: 6,15 m
Vél: Mirrlees Blackstone 486 kW, 1979
Fjöldi skipverja: 15



Kristbjörg © Alfons Finnsson

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. apríl 2009 var Kristbjörg HF 177 að netaveiðum um átta sml. suður af Krísuvíkurbjargi. Veður: SA 8 m/sek.

Um borð voru auk áhafnar nokkrir starfsmenn Hafrannsóknarstofnunar og biðu þeir, á aðalþilfari fyrir farman úrgreiðsluborðið, eftir að komið væri í næstu trossu. Einn þeirra gekk eftir þilfarinu og rak hann fótinn undir sjóbúnaðarkaðal svo hann féll í þilfarið.

Í fallinu lenti hann fyrst utan í fiskikari áður en hann skall í þilfarið með þeim afleiðingum að hann fór úr axlarlið og axlarbrotnaði. Siglt var með slasaða til hafnar í Grindavík þaðan sem honum var komið á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að báturinn var á netaralli og voru nokkrir starfsmenn Hafrannsóknarstofnunarinnar um borð vegna þess;
- að fyrir framan netaúrgreiðsluborðið er geymslusvæði fyrir ýmsan búnað tilheyrandi netaúthaldinu þar á meðal voru fiskikör fyrir baujubelgi og sátu sumir starfsmennirnir á þeim. Tvö fiskikör voru sjóbúin þannig að aftara var bundið við styrktarsúlu bakborðsmegin miðskipa en það fremra var bundið með fyrrgreindu tógi þvert yfir þilfarið í súlu stjórnbormegin miðskipa;

- að tógið var bundið í súluna og tekið í gegnum neðri horn og upp í gegnum efra horn karsins og síðan bundið niður í tógið að neðan svo það lyftist verulega frá þilfarinu;
- að slasaði var ekki með hjálm.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var óvarkárni slasaða.